

# Skýrsla stjórnar á ársfundi Frjálsa lífeyrissjóðsins 3. júní 2026

Fundarstjóri, ágætu sjóðfélagar og aðrir fundarmenn.

Velkomin á ársfund Frjálsa lífeyrissjóðsins. Ég vil nota tækifærið og bjóða sjóðfélaga Lífeyrissjóðs tannlækna hjartanlega velkomna í hóp sjóðfélaga Frjálsa. Vinna við sameiningu sjóðanna hófst á síðasta ári og tók Frjálsi yfir öll réttindi og skyldur gagnvart sjóðfélögum Lífeyrissjóðs tannlækna miðað við lok árs 2025.

Þá hafa stjórnir Frjálsa lífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðs bænda undirritað samning um sameiningu lífeyrissjóðanna en sameiningin verður lögð fram til staðfestingar á ársfundi Lífeyrissjóðs bænda sem verður seinna í mánuðinum auk þess sem breytingatillögur á samþykktum Frjálsa sem varða sameininguna verða lagðar fram á þessum ársfundi. Markmiðið með sameiningunum er að nýta stærðarhagkvæmni til að lækka hlutfallslegan rekstrarkostnað og efla þjónustu og upplýsingagjöf til sjóðfélaga. Stjórn Frjálsa er þakklát fyrir það traust sem stjórnir Lífeyrissjóðs tannlækna og Lífeyrissjóðs bænda hafa sýnt Frjálsa lífeyrissjóðnum. Með sameiningunum verða sjóðfélagar þessara sjóða hluti af öflugum sjóðfélagahópi Frjálsa og mun sameinaður sjóður þjónusta rúmlega 85 þúsund sjóðfélaga. Frjálsi horfir til áframhaldandi vegferðar í þessa átt og er opinn fyrir frekari sameiningum við aðra sjóði þegar það þjónar hagsmunum sjóðfélaga.

Í þau tæpu 50 ár sem Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur starfað hefur hann staðið fyrir valfrelsi í lífeyrismálum. Sjóðurinn er öllum opinn sem búa við það frelsi að geta valið sér lífeyrissjóð fyrir skylduiðgjöld sín og öllum opinn fyrir viðbótarsparnað en sjóðurinn er stærsti séreignasjóður landsins.

Frá upphafi hefur sjóðurinn verið í rekstri hjá fjármálafyrirtæki og hefur það fyrirkomulag gefið Frjálsa ákveðna sérstöðu á markaði. Núverandi rekstrarsamningur við Arion banka tryggir hagkvæmni í rekstri og felur í sér lækkandi umsýslubóknun sem hlutfall af eignum til Arion banka í takt við vöxt sjóðsins. Með þessu móti nýtur Frjálsi sérfræðikunnáttu, stöðugleika í rekstri, samhliða vaxandi ávinningi fyrir sjóðfélaga og aukinnar stærðarhagkvæmni.

Meðal þess sem rekstrarsamningurinn veitir Frjálsa er þjónusta öflugrar tækni- og þróunardeildar Arion banka, en eitt af þeim atriðum sem fellur undir rekstraráhættu og verður sífellt fyrirferðameira í daglegum rekstri er upplýsingatækniáhætta og öryggismál. Rekstraraðili veitir stjórn aðgang að öflugri símenntun og er þar efst á baugi þessa stundina fræðsla um starfrænan viðnámsþrótt fjármálamarkaðar í daglegur tali nefnt DORA. DORA regluverkið eykur ábyrgð stjórnna og framkvæmdastjóra á fjármálamarkaði í að taka virkari þátt í uppbyggingu rekstraröryggis og áhættustýringu upplýsinga- og fjarskiptatækniáhættu og falla lífeyrissjóðir undir skilgreiningu aðila á fjármálamarkaði.



Önnur sérstaða sem Frjálsi hefur í gegnum rekstrarsamninginn er aðgangur sjóðfélaga að upplýsingum og aðgerðum í Arion appinu sem hefur tíu ár í röð verið valið besta bankaappið. Allir sjóðfélagar vilja aðgengilegar upplýsingar og á það leggjum við áherslu í dag.

Í dag nýta sjóðfélagar Frjálsa Arion banka appið til að hafa yfirsýn yfir lífeyrissparnað sinn. Þar er t.d. hægt að fylgst með ávöxtun, heildarstöðu og áætlaða inneign við starfslok. Þar er einnig hægt að framkvæma fjölbreyttar aðgerðir, allt frá því að hefja sparnað, í að sækja um útgreiðslu fyrir allar tegundir séreignar ásamt því að hefja töku eftirlauna úr tryggingadeild. Sjóðfélagar Frjálsa geta skráð viðbótarlífeyrissparnað sinn í vildarkerfi Arion banka sem getur falið í sér kjarabót varðandi ýmis bankaviðskipti.

### **Þróun markaða og ávöxtun**

Markaðsaðstæður síðustu ára með aukinni alþjóðlegri spennu undirstrika mikilvægi þess að vera með vel dreift eignasafn til þess að standast sveiflur á mörkuðum. Frjálsi lífeyrissjóðurinn leggur upp með að fjárfesta í ólíkum eignaflokkum, atvinnugreinum og landsvæðum til þess að dreifa áhættu sem mest.

Nafnávöxtun fjárfestingarleiða var á bilinu 5,8% til 8,6% og raunávöxtun 2% til 4,7%, hæst þessu sinni hjá þeim fjárfestingarleiðum sem eru með hátt hlutfall í skuldabréfum. Lægri ávöxtun í ár en síðasta ár endurspeglar bæði þrálát verðbólguáhrif og daufan innlendan hlutabréfamarkað. Síðustu ár hefur áhersla verið lögð á að auka hlutfall og dreifingu erlendra eigna í eignasöfnum en á móti hefur verið dregið úr vægi innlendra eigna.

### **Hrein eign og stækkun**

Í árslok 2025 var hrein eign Frjálsa lífeyrissjóðsins tæpir 595 milljarðar en sjóðurinn stækkaði um 61,8 milljarða eða um 11,6 prósent. Hrein eign fjárfestingarleiða í séreignadeild var 393 milljarðar og hrein eign tryggingadeildar var 201,5 milljarðar. Sjóðfélagar Frjálsa voru í lok árs 2025 rúmlega 75 þúsund og fjölgaði þeim um rúmlega 2.600 á árinu. Heildarfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld árið 2025 var 28.478 samanborið við 27.726 árið á undan.

### **Fjárfestingastefna og stefna um ábyrgar fjárfestingar**

Frjálsi hefur að leiðarljósi við fjárfestingar að hámarka ávöxtun til langs tíma litið, að teknu tilliti til áhættu. Samkvæmt lögum skal lífeyrissjóður setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum sem er að finna í stefnu Frjálsa um ábyrgar fjárfestingar og þar nánar hluthafastefnu. Hluthafastefna Frjálsa markar stefnu sjóðsins í stjórnarháttum þar sem hann er hluthafi í félögum sem hann fjárfestir í. Hluthafastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar Frjálsa er birt á heimasíðu sjóðsins og þar er hægt að kynna sér hana nánar.

Síðustu ár hefur Frjálsi lagt áherslu á að auka hlutfall og dreifingu erlendra eigna og á móti hefur verið dregið úr vægi innlendra eigna. Í fjárfestingarstefnu fyrir 2026 er þessari vegferð haldið áfram með aukningu í erlendum hlutabréfum og erlendum sérhæfðum fjárfestingum. Erlendar eignir þykja að öllu



jöfnu áhættumeiri en innlend skuldabréf og er því áhættustigið aukið lítillega en þó mismikið eftir fjárfestingaleiðum. Breytingarnar eru til þess fallnar að mati stjórnar að stuðla að hærri langtímaávöxtun.

Annar þáttur sem hafa þarf í huga við fjárfestingaákvörðanir eru að fjárfestingarnar séu ábyrgar með UFS þættina sem leiðarljós, en það eru þættir sem snúa að umhverfinu, félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Aðalmarkmið að baki hugmyndafræði ábyrgra fjárfestinga er að stuðla að jákvæðum áhrifum, draga úr áhættu og skila sjálfbærri langtímaávöxtun. Mikil eftirspurn og krafa er eftir lausnum á þessu sviði og því er margt sem bendir til, að fjárfestingar í umhverfisvænum lausnum geti skilað góðri langtímaávöxtun. Með stefnu um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar telur stjórn sig sýna vilja til að leggja aukna áherslu á umhverfis- og loftslagsmál, stuðla að jákvæðum samfélagsáhrifum og viðhafa góða stjórnarhætti við rekstur sjóðsins og fjárfestingarákvörðanir.

Í kynningu á ársreikningi ársins 2025 hér á eftir fara Arnaldur Loftsson og Hjörleifur Arnar Waagfjörð nánar yfir ávöxtun sjóðsins, og ávöxtun það sem af er ári, ásamt lykiltölum.

### **Tryggingafræðileg staða**

Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta reikna út fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningssskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót (sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997.) Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi í árslok 2025 var áunnin staða tryggingadeildar -5,8%, núvirt framtíðarstaða, 2,9% og heildarstaða -1,6%. Heildarstaða segir til um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins sem er innan hámarks vikmarka sem lög mæla fyrir um svo ekki þarf að gera breytingar á réttindum sjóðfélaga. Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins, mun hér á eftir gera nánari grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins.

### **Örorkusjóður**

ASÍ og SA kynntu í september á síðasta ári hugmyndir um nýtt fyrirkomulag örorkulífeyris, sem unnið hefur verið að í samráði við stjórnvöld, þar sem greiðslur yrði færðar í sérstakan gegnumstreymissjóð. Hugmyndin er að örorkuskuldbinding lífeyrissjóða verði flutt í hinn nýja sjóð og að 1,25 - 1,5 prósentustig af 15,5% lágmarksiðgjaldi í lífeyrissjóð fari í örorkusjóðinn, ásamt hluta af tryggingagjaldi, og lækki þar með framlag til lífeyrissjóða. Markmið breytinganna er meðal annars að jafna ávinnslu eftirlaunaréttinda lífeyrissjóða sem er í dag mismunandi m.a. vegna mismunandi örorkubyrði þeirra. Rætt hefur verið að lífeyrissjóðir greiði aðeins 15% af örorkuskuldbindingu sinni til örorkusjóðsins og því muni tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða batna og svigrúm skapast til að hækka ellilífeyrisréttindi. Aftur á móti má gera ráð fyrir að breytingin hafi neikvæð áhrif á ávinnslu lífeyrisréttinda Frjálsa fyrir framtíðariðgjöld með þeim hætti að lægra hlutfall iðgjalds sé ráðstafað í frjálsa séreign sjóðfélaga heldur en nú er gert. Sjóðfélagar verða að sjálfsögðu upplýstir þegar og ef áformin um stofnun örorkusjóðs verða að veruleika og um möguleg áhrif hans á lífeyrissparnaðinn í Frjálsa.

Þar sem færsla örorkuskuldbindinga úr lífeyrissjóðum hefði mismunandi áhrif á tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða þá gæti framkvæmdin haft áhrif á jöfnun áunninna réttinda við sameiningu lífeyrissjóða.



Þykir því rétt við sameiningu Frjálsa og Lífeyrissjóðs bænda að eignasafn og réttindi sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda verði rekin sem sér deild í Frjálsa til að byrja með en deildin svo sameinuð tryggingadeild Frjálsa eftir stofnun örorkusjóðsins eða ef hugmyndir að stofnun hans verði ekki að veruleika.

## Samþykktarbreytingar

Fyrir fundinum liggja fyrir tvær breytingartillögur á samþykktum sjóðsins frá stjórn. Önnur er breyting á 11. grein um útreikning ellilífeyris hjá örorkulífeyrisþegum, og hin er breyting á viðauka 1 en það er ákvæði til bráðabirgða vegna sameiningar Lífeyrissjóðs bænda og Frjálsa. Tillögur um samþykktarbreytingar og rökstuðningur fyrir þeim verða kynntar hér á eftir af Kolbrúnu Kristínu Antonsdóttur og kosið um þær rafrænt sem gerir þeim sem fylgjast með í streymi kost á að taka þátt.

Á árinu 2025 hlaut Frjálsi lífeyrissjóðurinn alþjóðlega viðurkenningu þegar sjóðurinn var valinn besti lífeyrissjóður Evrópu í þemaflokknum Defined Contribution and Hybrid Strategies af fagttímaritinu Investment & Pensions Europe (IPE). Þetta var í annað sinn sem sjóðurinn hlýtur verðlaun í þessum þemaflokki og í sextánda sinn sem Frjálsi lífeyrissjóðurinn hlýtur viðurkenningu frá IPE. Um er að ræða virtustu verðlaun sem sjóðurinn hefur fengið. Verðlaunin eru gríðarleg viðurkenning fyrir þá samsetningu lífeyrissparnaðar sem Frjálsi býður sjóðfélögum sínum þar sem 15,5% skylduiðgjaldsins er skipt í séreign og samtryggingu. Sjóðfélagar njóta þess að séreignin, sem getur verið allt að 76% af skylduiðgjaldinu, veitir erfanleika og sveigjanleika en samtryggingin mikilvæga tryggingavernd.

Aðgengilegar upplýsingar og fræðsla um lífeyrismál eru mikilvægur þáttur í þjónustu lífeyrissjóða. Með því að halda reglulega opna fræðslufundi í samvinnu við rekstraraðila leggur Frjálsi sitt af mörkum til að upplýsa og fræða sem flesta um lífeyrismál. Upptökur af fundunum er hægt að nálgast á facebook síðu sjóðsins og á heimasíðunni en þar má einnig nálgast upplýsingar á ensku og pólsku sem þjónusta við númerandi og vænta sjóðfélaga sem ekki hafa íslensku sem móðurmál.

Kosning í stjórn og varastjórn hefur nú þegar farið fram rafrænt og verða úrslit kynnt hér á eftir. Fimm framboð bárust í aðalstjórn en tvö sæti eru í boði og 2 framboð í eitt sæti í varastjórn. Kosning hófst fyrir viku og lauk nú klukkan fimm í dag. Einn stjórnarmanna, Anna Sigríður Halldórsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Frjálsi hefur notið þekkingar og starfskrafta Önnu um árabíl og erum við þakklát fyrir þann tíma sem hún hefur þjónustað sjóðinn og óskum henni velfarnaðar.

Stjórnin hélt 15 stjórnarfundi á árinu þar af einn stefnumótunarfund. Það er metnaður Frjálsa að vera sífellt vakandi fyrir óskum sjóðfélaga og vera í takti við tíðarandann. Nú finnum við fyrir því að sjóðfélagar vilja eiga kost á innlánaleið og er sú leið í undirbúningi fyrir þá sjóðfélaga sem eiga séreign í sjóðnum.

Þá er gaman að geta þess að í stjórn Frjálsa sitja stjórnarmenn frá Bolungarvík, Vestmannaeyjum auk Höfuðborgarsvæðisins.



Góðir sjóðfélagar, mig langar að þakka ykkur traustið sem þið hafa sýnt sjóðnum í gegnum tíðina, framkvæmdastjóra sjóðsins, Arnaldi Loftssyni fyrir samstarfið og starfsfólki Arion banka þakka ég ánægjulegt og gefandi samstarf. Einnig vil ég nota þetta tækifæri og færa meðstjórnendum mínum þakkir fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Ásdís Eva Hannesdóttir, formaður stjórnar